# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

## MYNL2AT-05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | **Íris Jónsdóttir – iris.jonsdottir@fss.is** |  |
| **Viðtalstími** | Mánudaga frá kl. 10:25 til 10:55 í stofu #302 | |
| **Námsefni** | Ljósrit frá kennara og annað efni (farið á sýningar, listaverkabækur). | |
| **Áfangalýsing** | Í upphafi læra nemendur forsendur fjarvíddar með hlutateikningu og stækka fyrirmynd með einföldum máltökum og útreikningum til að margfalda stærðir. Nemendur nota máltökur, ákveðna tækni og reglur til að teikna upp þrívíðar myndir af smáhlutum. Nemendur læri aðferðir við að skyggja eftir reglum um ljósmagn og áferð á mismunandi flötum.<br>Tveir þættir vega því þyngst í vinnu áfangans: annars vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning, þar sem nemendur vinna að teikningum og hins vegar málum sem þurfa að vera tæknilega réttar og svigrúm þeirra til sjálfstjáningar er því takmarkað. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir og skili á réttum tíma.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Tímaverkefni | 50% |
| Skissubók | 40% |
| Virkni | 10% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Athugasemdir vegna viðveruskráningar verða að berast kennara innan viku. Nemendur skulu ávallt ganga frá eftir sig eftir kennslustund.<br>Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum nema að annað sé tekið fram. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Efnisgjald; sjá Innu<br>Það sem nemandi þarf að kaupa:<br>Teikniblýantar: HB, 2B, 4B og 6B<br>Strokleður og yddari<br>Skissubók |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | Listgreinalæsi er hæfni til að skilja, skapa, meta og tjá sig í gengum listir eins og tónlist, myndlist, leiklist og dans. Það felur í sér að túlka listir og nota skapandi tjáningu.<br>Sjálfbærni í listgreinum felst í að skapa og vinna með efni og hugmyndir á ábyrgan hátt með tilliti til umhverfis, samfélags og menningar.<br>Heilbrigði og velferð í listgreinum felst í að efla líðan, sjálfstraust og tjáningu með skapandi vinnu og þátttöku í listum.<br>Lýðræði og mannréttindi í listgreinum felast í að allir fái að tjá skoðanir sínar, virða aðrar og taka þátt í skapandi starfi á jafnréttisgrundvelli.<br>Jafnrétti í listgreinum felst í að allir hafi sömu tækifæri til þátttöku, tjáningar og sköpunar óháð kyni, uppruna eða getu.<br>Sköpun í listgreinum felst í að sýna frumkvæði, nota hugmyndaflug, skapa nýjar hugmyndir og tjá sig á persónulegan og skapandi hátt. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• að skoða hluti og umhverfi í þrívídd og fjarvídd.<br>• að kynna sér listir og menningu í nútímanum og í mannkynssögunni..<br>• hvernig hægt er að yfirfæra þekkingu sína og leikni. | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Teikna form og hluti í þrívídd.<br>• Að beita blýanti til að ná fram fjölbreytileika í línu og skyggingu.<br>• Að beita aðferðum jafnlínuteikningar<br>• Að horfa og teikna.<br>• Vinna sjálfstætt í rannsóknarvinnu tengdri myndlist. |

| **Hæfni** |
|---|
| Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• Að nýta sér mismunandi aðferðir við að nýta sköpunarkraft til að útfæra myndir í mismunandi efni, s.s. kolum, blýanti, túss o.fl.<br>• Tjá sig á myndrænan hátt.<br>• Efla athygli og gagnrýna hugsun.<br>• Efla frumkvæði og sköpun.<br>• Njóta listar og menningar. |

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 15 vikur x 4 klst. | 60 klst. |
| **Heimavinna** | 15 vikur x 2 klst. | 30 klst. |
| **Rannsóknarvinna** | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| **Undirbúningur fyrir skil** | 12 klst. | 12 klst. |
| **Undirbúningur fyrir sýningu** | 2 klst. | 2 klst. |
| **Alls** | | 110 klst. = 5 fein* |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **MYNL2TA**<br>**1. vika**<br>19.-21. ágúst | Kynning – kennsluáætlun – teikning – hauskúpa að framan á A3 með blýant | Skissubók – 2 skissur á viku að lágmarki |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Teikning – hauskúpa á hlið á A3 með blýant | Skissubók – 2 skissur (4) |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Teikning – brjóstkassi – kol á trönum | Skissubók – 2 skissur (6) |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Teikning – handleggur og fótleggur – kol á trönum | Skissubók – 2 skissur (8) |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Teikning – mjaðmagrind að framan og á hlið – kol á trönum | Skissubók – 2 skissur (10) |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Teikning – vöðvar og bein – handleggur og fótleggur með krít á trönum | Skissubók – 2 skissur (12) |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | Anatómia – frjálst val – teikning á trönum með ko log krít | Skissubók – 2 skissur (14) |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Frh. á frjálsu vali – skil á öllum verkefnum og skissubók | Skissubók – 2 skissur (16) |
| **MYNL2AT**<br>**9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | **Kynning** – Verkefnin útskýrð og lögð fyrir.<br>**Verkefni 1**: Þvottaklemma<br>Nemandi stækkar upp klemmu á A3 | Skissubók – 2 skissur (18) |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | **Verkefni 2**: Glas á fæti.<br>Nemandi stækkar upp glas á A3 | Skissubók – 2 skissur (20) |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | Glas á fæti – frh. | Skissubók – 2 skissur (22) |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | **Verkefni 3**: Taflmaður. Nemandi stækkar upp taflmann á A3 | Skissubók – 2 skissur (24) |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | Taflmaður – frh. | Skissubók – 2 skissur (26) |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | **Verkefni 4**: Laukur – Stækkun 4X | Skissubók – 2 skissur (28) |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | **Verkefni 5:** Frjálst val á hlut – Stækkun á A3 | Skissubók – 2 skissur (30) |
| **16. vika**<br>*30. nóvember-4. desember* | Frh. – skil á öllum verkefnum og skissubók. | Skissubók – 2 skissur (32) |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Íris Jónsdóttir*